

Eggjabrauð

Áhöld: skál, gaffall, mæliskeiðar, steikarspaði, panna og diskur.

Efni:

- 1 egg
- 2 msk mjólk
- 2 brauðsneiðar
- 1 msk matarolía

Aðferð:

Brjótið eggjð í skál, bætið mjólkinni saman við og þeytið vel saman með gafflinum.

Hitið olíu á pönnu, ekki hafa pönnuna of heita.

Skerið brauðsneiðarnar í tvennt og gegnbleytið í eggjahrærunni.

Steikið eggjabrauðið á báðum hliðum, þar til það er fallega brúnt og stökkt.

Gott að hafa grænmeti með, t.d. gúrku, salat og tómata.